

Forsætisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis**
Sendandi: **Forsætisráðuneytið**
Dagsetning: **16.11.2011**
Málsnúmer: **FOR11020123**
Bréfalykill: **3.2**

Efni: **Stuðningur við atvinnuuppbyggingu**

Vísað er til fundar fulltrúa forsætisráðuneytisins með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis hinn 15. þ.m. Á fundinum var óskað eftir minnisblaði er varðar nýjan fjárlgalið, 01-281-1.01 stuðningur við atvinnuuppbyggingu og fjölgun vistvænna starfa, en lögð er til 200 m.kr. fjárveiting til verkefnisins í fjárlagafrumvarpi 2012.

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 7. janúar sl. að sett yrði á fót ráðherranefnd í atvinnumálum. Undir ráðherranefndinni hafa starfað tveir undirhópar; um vinnumarkaðsmál og um atvinnumál. Hafa báðir hóparnir skilað ráðherranefndinni hugmyndum og tillögum. Sumar þessara tillagna eru þegar komnar til framkvæmda og er getið í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga í vor. Ýmsar af þessum tillögum eru hins vegar enn í undirbúningi og ljóst er að fjármagn þarf til að koma þeim í framkvæmd. Meðal þeirra verkefna eru að arðsemismat vegna iðnaðarklasa í tengslum við gufuafsvirkjanir og gróðurhús í iðnaðarskala, átak í nýsköpun í matvælaíðnaði o.fl.

Þá hefur ríkisstjórnin staðið fyrir átaki í atvinnumálum á Suðurnesjum og á Vestfjörðum í samráði við heimamenn.

Nefnd um græna hagkerfið hefur skilað viðamikilli skýrslu og tillögum um atvinnusköpun á sviði vistvænnar nýsköpunar, þróunar og þjónustu. Mikilvægt er að koma þessum tillögum í farveg og til framkvæmda. Í tengslum við Ísland 2020 hefur verið unnið að mótun sóknaráætlunar fyrir landshluta og eru þar margvísleg verkefni til atvinnusköpunar.

Reynsla sýnir að mikilvægt er að ráðherranefnd um atvinnumál hafi yfir skilgreindu fjármagni að ráða til þess að geta brugðist hratt við til að stuðla að atvinnusköpun og koma verkefnum í farveg. Áherslan liggur á að styðja undirbúning fjölbreyttra atvinnuskapandi verkefna, ekki síst þau sem vistvæn eru. Ekki er um að ræða að veita beina styrki til einstakra fjárfestingarverkefna. Þess verður sérstaklega gætt að styrkveitingar raski ekki samkeppnisstöðu. Eðli máls samkvæmt er ekki hægt að setja fram verklagsreglur um úthlutun þessa fjár, en umsjón með fjárreiðum verður hjá forsætisráðuneyti.

Minnisblað þetta er jafnframt sent fjárlaganefnd Alþingis skv. beiðni þar um.